



Aðildarfélög KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 28. apríl 2022

## Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 26. apríl sl. samþykkti stjórn að rýmka heimild í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga á þann veg að félögum verði heimilt, tímabundið út árið 2022, að vera með að hámarki fjóra leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi skráða á leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ, svo lengi sem a.m.k. einn þeirra leikmanna sé frá Úkraínu.

Þannig gildir áfram sú meginregla að að hámarki þrjú leikmenn frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, Færeyja og Grænlands mega vera skráðir á leikskýrslu hjá félögum í leikjum á vegum KSÍ en tímabundið, af mannúðarástæðum, megi leikmenn utan Evrópska efnahagssvæðisins, Færeyja og Grænlands vera fjórir á leikskýrslu, ef a.m.k. einn þeirra leikmanna er frá Úkraínu.

Hér að aftan er að finna yfirlit og samantekt yfir breytingarnar.

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.  
Það sem samþykkt hefur verið að falli út er ~~yfirstrikað~~.

### REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

22. gr.

*Erlendir leikmenn*

- 22.1. Erlendur ríkisborgari telst hlutgengur hafi hann keppnisleyfi útgefið af skrifstofu KSÍ. Ekki geta fleiri en þrjú erlendir leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi verið skráðir á leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ. Leikmaður með breskt ríkisfang (England, Norður-Írland, Skotland og Wales) sem fengið hefur útgefið keppnisleyfi hjá aðildarfélagi KSÍ fyrir 1. janúar 2021 (Brexit) telst ekki á meðal þeirra þriggja erlendu leikmanna frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi sem geta verið á leikskýrslu í 1. aldursflokki.
- 22.2. Um félagaskipti erlendra leikmanna, sem leikið hafa með íslensku félagi, gilda ákvæði þessarar reglugerðar.

#### Ákvæði til bráðabirgða 2022:

Þrátt fyrir ákvæði 22.1 er félögum á keppnistímabilinu 2022 heimilt að hafa að hámarki fjóra leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi skráða á

leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ, að því skilyrði uppfylltu að a.m.k. einn þeirra leikmanna hafi úkraínskan ríkisborgararétt.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Kolbrún Arnardóttir

Kolbrún Arnardóttir,  
lögfræðingur hjá KSÍ